



Leiðbeiningar um aðgang dýra að tilteknum rýmum



Leiðbeiningar um aðgang dýra að tilteknum rýmum

Júlí 2026

Útgefandi: Umhverfis- og orkustofnun

Útgáfunúmer: UOS-2026:17

Suðurlandsbraut 24 Rangárvellir 2
108 Reykjavík 603 Akureyri

Sími 569 6000

www.uos.is

Efnisyfirlit

1.1	Lagagrundvöllur.....	4
1.2	Ábyrgð.....	4
1.3	Takmarkanir á aðgangi dýra	5
1.4	Hjálparhundar.....	5
1.5	Aðgangur dýra að tilteknum rýmum eða svæðum.....	5
1.5.1	Almenn skilyrði.....	6
1.5.2	Sértæk skilyrði fyrir aðgang dýra að gististöðum.....	6
1.5.3	Sértæk skilyrði fyrir aðgang hunda og katta að veitingastöðum	7

1 Leiðbeiningar

1.1 Lagagrundvöllur

Þessar leiðbeiningar eru útbúnar samkvæmt reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti. Markmið reglugerðarinnar er að tryggja öruggt nærumhverfi og forvarnir með áherslu á að vernda og viðhalda lýðheilsu og heilnæmum lífsskilyrðum viðkvæmra hópa og almennings. Reglugerðin er sett á grundvelli 4. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerðin gildir um framkvæmd hollustuverndar og heilbrigðiseftirlits, þar með talið vöktun og rannsóknir, eftirlit með meindýravörnum, gæludýrum, opnum svæðum, húsnæði og vistarverum og sóttvörnum.

Í 43. gr. reglugerðarinnar, sem fjallar um aðgang dýra að tilteknum svæðum, húsnæði og almenningsamgöngum, segir:

Heilbrigðisnefnd getur, að fenginni beiðni frá hlutaðeigandi rekstraraðila, veitt rekstraraðila leyfi til að heimila aðgang hunda, katta og annarra dýra að tilteknum svæðum, húsnæði eða almenningsamgöngutækjum að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Heilbrigðisnefnd skal gefa út skriflegt leyfi þar um, þar sem kveðið er á um gildistíma leyfis og þau skilyrði sem leyfið er háð. Kveða skal á um framangreint í starfsleyfi þar sem við á. *Umhverfis- og orkustofnun gefur út leiðbeiningar um veitingu leyfis samkvæmt ákvæði þessu og þau lágmarksskilyrði sem heilbrigðisnefnd skal setja fyrir veitingu þess.*

Ákvæði 43. gr. reglugerðarinnar eiga ekki við um heimili fólks, svo sem dvalarheimili eða húsnæðisúrræði. Þar er heimilt að halda gæludýr eftir því sem rekstraraðilar ákveða og í samræmi við ákvæði í samþykktum hlutaðeigandi sveitarfélaga.

1.2 Ábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemi hans sé örugg og að aðstæður séu þannig að þær tryggi sem best heilsu og öryggi þeirra sem nýta þjónustuna. Einnig skal hann sjá til þess að húsnæði, lóð og önnur svæði sem tilheyra starfseminni séu hrein og vel um gengin.

Umráðamaður dýrs¹ ber ábyrgð á að annast um dýrið í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2013 um velferð dýra og reglugerð nr. 80/2016 um velferð gæludýra. Umráðamaður ber einnig ábyrgð á að fela ekki einstaklingi yngri en 18 ára umsjá dýrs.²

¹ Umsjónarmaður er eigandi dýrs eða annar aðili sem er ábyrgur fyrir umsjá þess hverju sinni.

² Sbr. 3. mgr. 10. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Jafnframt ber umráðamanni dýrs að sjá til þess, eins og kostur er, að vistarverur og umhverfi dýrsins séu örugg og að dýrið sé varið gegn slysum og árásum annarra dýra.³

Umráðamaður dýrs ber ábyrgð á að fylgja ákvæðum samþykktta er varða gæludýr í því sveitarfélagi sem dýrið dvelur í hverju sinni.

1.3 Takmarkanir á aðgangi dýra

Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum í eftirtalin rými eða svæði, nema þess sé sérstaklega getið í 43. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti (sjá lið 1.4) eða að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar:

- Sjúkrastofnanir, svo sem lækna- og tannlæknastofur, sjúkrahús, aðgerðastofur og húsnæði sjúkraþjálfara.
- Skóla og leikvelli.
- Fangelsi.
- Íþróttastöðvar, íþróttahús, sund- og baðstaði og heilsuræktarstöðvar.
- Snyrtistofur, nuddstofur, sólbaðsstofur og húðflúrsstofur.
- Samkomuhús, svo sem kirkjur, leikhús, tónleikasali, söfn og kvikmyndahús.
- Gististaði í flokki II, III og IV samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Mötuneyti.
- Sumarbúðir fyrir börn.
- Almenningsamgöngutæki.

1.4 Hjálparhundar

Fólki með fötlun sem hefur ótvíræða þörf fyrir hjálparhund er heimilt að hafa hundinn með sér á gististaði, veitingastaði, í skóla, á snyrtistofur, hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótt- og baðstaði, fangelsi, verslunarmiðstöðvar, samkomuhús og í almenningsamgöngutæki. Hundurinn skal merktur sem hjálparhundur.

1.5 Aðgangur dýra að tilteknum rýmum eða svæðum

Óski rekstraraðili eftir leyfi heilbrigðisnefndar til að heimila aðgang hunda, katta og annarra dýra að starfsemi sinni samkvæmt 43. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti, skal heilbrigðisnefnd gefa út skriflegt leyfi. Við veitingu slíks leyfis skal heilbrigðisnefnd taka tillit til sjónarmiða um velferð dýra, meðal annars hvað varðar aðbúnað, öryggi og líðan þeirra.⁴

³ 17. gr. reglugerðar nr. 80/2016 um velferð gæludýra.

⁴ Lög nr. 55/2013 um velferð dýra.

Í leyfinu skal koma fram gildistími leyfis, til hvers konar dýra heimildin tekur til og þau skilyrði sem leyfið er háð. Jafnframt skal, eins og við á, afmarka þau rými þar sem heimildin gildir.

1.5.1 Almenn skilyrði

Rekstraraðili skal auglýsa á áberandi hátt á eða í húsnæðinu sjálfu eða viðkomandi almenningssamgöngutæki, og á vef hlutaðeigandi fyrirtækis, að heimilt sé að koma með dýr inn í rýmið svo viðskiptavinir geti tekið upplýsta ákvörðun um að nota þjónustuna.

Eftir því sem við á skal dýrið vera í viðeigandi búri eða taumi á meðan á dvöl á viðkomandi stað eða ferð í viðkomandi almenningssamgöngutæki stendur.

Umráðamanni dýrsins ber að tryggja að ekki sé farið með það í önnur rými eða svæði en þau þar sem dýr eru leyfð. Umráðamaður dýrsins ber jafnframt ábyrgð á að grípa til þeirra ráðstafana sem eru nauðsynlegar til að tryggja öryggi og velferð viðskiptavina, starfsfólks rekstraraðila, dýrsins sjálfs og annarra dýra.

Ill meðferð dýra, þar með talin öll meðferð sem veldur dýri sársauka, ótta eða óþægindum, er óheimil. Leiki grunur á að meðferð á dýri brjóti gegn lögum um velferð dýra eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, skal sá sem verður þess var tilkynna það svo fljótt sem auðið er til Matvælastofnunnar eða lögreglu, sbr. 8. gr. laga um velferð dýra.

1.5.2 Sértek skilyrði fyrir aðgang dýra að gististöðum

Taka skal fram í markaðssetningu gististaðar og við bókun gistingar hvort dýr séu leyfð á gististaðnum, svo aðrir gestir geti tekið upplýsta ákvörðun áður en þeir bóka þar gistingu.

Við bókun skal taka fram að dýr fylgi. Hver umráðamaður má hafa með sér eitt dýr en þó mega ekki fleiri en tvö dýr vera í hverju herbergi.

Upplýsa skal gesti gististaðar með sýnilegum hætti um það í hvaða rýmum gististaðarins dýr eru leyfð.

Eftir því sem við á skal dýrið vera í búri eða taumi á meðan það dvelur í sameiginlegum rýmum gististaðar. Að jafnaði skal fara með dýrið inn og út um sérinngang, en sé þess ekki kostur skal fara stystu leið að og frá herbergi. Eftir því sem við á skal dýrið vera í búri inni á gistiherbergi.

Umráðamaður dýrsins ber ábyrgð á því að það valdi ekki öðrum gestum ónæði og honum ber að hreinsa upp eftir það sé þörf á.

Í þrifaáætlun gististaðar skal gera ráð fyrir sérstökum þrifum á þeim herbergjum og rýmum þar sem dýr hafa dvalið.

1.5.3 Sértek skilyrði fyrir aðgang hunda og katta að veitingastöðum

Eigendum eða rekstraraðilum veitingastaða er heimilt að leyfa hundum og köttum að koma inn í veitingasali að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Ætíð skal taka mið af hagsmunum gesta.
2. Auglýsa skal á áberandi hátt á húsnæðinu sjálfu, sem og á vef hlutaðeigandi fyrirtækis, að heimilt sé að koma með hunda og ketti inn á staðinn.
3. Tryggja skal að hundar og kettir séu einungis í veitingasölum veitingastaðar og ekki þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd og skal farið að leiðbeiningum Matvælastofnunar um hunda og ketti á veitingastöðum.
4. Mæting á viðkomandi stað skal vera valfrjáls og fólki ekki gert að sækja sér þangað þjónustu.

Heilbrigðisnefnd er heimilt að setja frekari skilyrði í skriflegt leyfi sem rekstraraðili skal fara eftir.

Tilkynna skal um nýtingu þessarar heimildar til heilbrigðisnefndar með sannanlegum hætti, til dæmis tölvupósti eða dagsettu og undirrituðu bréfi.

Eigendur eða rekstraraðilar veitingastaða sem ekki hafa sérstaklega leyft aðgang hunda og katta er heimilt að vísa frá viðskiptavinum með gæludýr.